



## Reglur um Menningarverðlaun Fljótshéraðs

### 1. gr.

Atvinnu- og menningarnefnd Fljótshéraðs veitir árlega viðurkenningu vegna menningarmála; Menningarverðlaun Fljótshéraðs. Verðlaunin eru veitt 17. júní ár hvert.

### 2. gr.

Verðlaunin eru veitt einstaklingi, stofnun eða samtökum sem viðurkenning fyrir eftirtektarvert framtak á sviði lista og menningar á nýliðnu ári. Hlutverk verðlaunanna er einnig að vera almenn hvatning til eflingar á menningar- og listastarfi í sveitarfélaginu.

### 3. gr.

Verðlaunin eru í formi fjárhæðar að upphæð kr. 100.000 og heiðurskjals, sem formaður atvinnu- og menningarnefndar undirritar.

### 4. gr.

Veita má fleirum en einum aðila menningarverðlaun í hvert sinn, telji atvinnu- og menningarnefnd að fleiri en einn hafi skarað fram úr og þannig verðskuldað verðlaunin það ár. Á sama hátt má fella niður verðlaunaveitingu komist nefndin að þeirri niðurstöðu að enginn aðili hafi unnið til þeirra.

Heimilt er við sérstakar aðstæður að veita verðlaunin aðila sem ekki á lögheimili í sveitarfélaginu, enda tengist hann sveitarfélaginu með skýrum hætti.

### 5. gr.

Óska skal eftir ábendingum til menningarverðlaunanna með auglýsingum í staðarblöðum og eða á heimasíðu sveitarfélagsins í byrjun hvers árs. Tilnefningum skal skilað til atvinnu-, menningar- og íþróttafulltrúa fyrir 5. maí ár hvert.

Atvinnu- og menningarnefnd leitast við að komast að einróma niðurstöðu um veitingu verðlaunanna. Ákvörðun um menningarverðlaunin skal tekin á fundi nefndarinnar í febrúar ár hvert.

Samþykktar á fundi atvinnu- og menningarnefndar 25. febrúar 2019

Samþykkt í bæjarstjórn Fljótshéraðs 6. mars 2019